

FW: Ályktun frá Samtökum listasafna á Íslandi.

Til : Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá : Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Heiti : FW: Ályktun frá Samtökum listasafna á Íslandi.
Málsnúmer : 2305471
Málsaðili : Samtök listasafna á Íslandi
Skráð dags : 08.05.2023 07:54:24
Höfundur : Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Viðhengi : [image001.jpg](#)

Kveðja,
Sigurbjörg H. Hauksdóttir
Þjónustustjóri þjónustuver
441 0000 | sigurbjorg@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

[Fyrirvari/disclaimer](#)

From: Listasafn Árnesinga
Sent: föstudagur, 5. maí 2023 14:10
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar
Subject: Ályktun frá Samtökum listasafna á Íslandi.

Vinsamlegast áframsendið á Bæjarstjórn Kópavogsbæjar.

Ályktun frá Samtökum listasafna á Íslandi:

Á síðustu misserum hafa komið fram ýmsar tillögur að útfærslum á safnastarfi á Íslandi en þar er margt að finna sem veldur okkur safnstjórum listasafna og safnafólki almennt miklum áhyggjum af framtíð og faglegu starfi safna. Nýlegt dæmi eru ákvarðanir bæjarstjórnar og bæjarráðs Kópavogsbæjar í kjölfar úttektar KPMG á starfssemi menningarhúsanna í Kópavogi. Tillögur ráðgjafanna bera með sér skort á þekkingu á safnastarfi almennt, safnalögum og siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM). Auk þess koma ýmsar

rangfærslur fram í tillögunum sem forstöðumenn menningarhúsanna hafa bent á og gert alvarlegar athugasemdir við.

Það er sorglegt að verða vitni að tilraunum til að brjóta niður mikilvægt uppbyggingarstarf á sviði menningar sem átt hefur sér stað í Kópavogi undanfarin ár með aðkomu ráðgefandi aðila sem virðast hafa litla sem enga innsýn í þá fjölbreytilegu þætti sem auðga og bæta starfsemi listasafna og gerir þau að góðum menningarstofnunum samfélaginu til heilla.

Það er miður þegar skýrslur ráðgjafa lýsa á slíkan hátt mikilli vanþekkingu á gildandi safnalögum og leggja til hagnaðardrifnar hugmyndir og verklag. Í því sambandi er rétt að benda á að í 10. gr. safnalaga nr. 141/2011 er skýrt tekið fram að söfn sem hljóta viðurkenningu safnaráðs skuli ekki rekin í hagnaðarskyni.

Samtök listasafna á Íslandi áréttu mikilvægi þess að fagleg sýn verði látin ráða ferðinni við alla ákvarðanatöku er varðar rekstrarumhverfi listasafnanna í landinu og vandað sé til verka með samráði við þá sem víðtækustu og bestu þekkinguna hafa á eðli og starfsemi safna þegar stórar ákvarðanir eru teknar um framtíð þeirra.